

## FUNDARGERÐ

288. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn húsnæði HEF að Einhleypingi 1.  
Fimmtudaginn 30. nóvember 2020 kl. 15:00.

Mætt eru:

Gunnar Jónsson (GJ), Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Skúli Björnsson (SB), Jónína Brynjólfsdóttir (JB), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkvæmdastjóri.

Gunnar Jónsson, stýrði fundi.

---

### Dagskrá

- 1 9 mánaða uppgjör
- 2 Áætlanir 2021 og 3ja ára áætlun
- 3 Gjaldskrár – staðfesting
- 4 Austurljós – samningur til staðfestingar
- 5 Ljósleiðaraverkefni – kostnaðargreining
- 6 „Mínar síður“ HEF
- 7 Smiðjusel - lagerhúsnæði
- 8 Yfirlit verkefna
  - a. Selás – verklok / uppgjör
  - b. Hafrafell
  - c. Fráveita Djúpavogi
  - d. Götulagnir á Seyðisfirði
  - e. Undirbúningur verkefna 2021
  - f. Endurnýjun bókhaldskerfis
- 9 Önnur mál
  - a. Nafn á HEF
  - b. Skjalageymsla
  - c. Starfsmannamál

## 1 9 mánaða uppgjör

Árshlutauppgjör vatns- og fráveitna sveitarfélaganna þriggja sem sameinuðust Fljótsdalshéraði verða lögð fyrir byggðaráð Múlaþings á morgun, þriðjudag. Á grundvelli niðurstaðna úr þeim uppgjörum verður unnt að klára 9 mánaða uppgjör HEF. Frestað.

## 2 Áætlanir 2021 og 3ja ára áætlun

Fulltrúar HEF mættu á fjarfund Byggðaráðs 17. þ.m. Þar var fjárfestingaáætlun HEF fyrir 2021 og 2022-2024 kynnt ásamt drögum að fjárhagsáætlun 2021-2024. Fulltrúar HEF voru GJ, AP og Magnús Jónsson, endurskoðandi. Fulltrúar HEF bentu sérstaklega á verulega aukna lánsfjárbörf á komandi árum, m.a. vegna áforma um virkjun jarðhita á Búlandsnesi (sem grundvallast á óvissri kostnaðarþátttöku Orkusjóðs), endurnýjunar í vatnsveitukerfum og ljósleiðaraverkefni. Þá er áætluð veruleg fjárfesting til að bæta fráveituhreinsun og á það bent að áætlunin gerir ráð fyrir verulegri kostnaðarþátttöku stjórnvalda í þeim verkefnum, en alls óvíst hvort þeir fjármunir muni fást, þrátt fyrir lagasetningu Alþingis fyrr á árinu þar um.

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun 2021 og 3 ára áætlun. Jafnframt óskar stjórnin eftir því að sveitarstjórnarmenn Múlaþings beiti sér fyrir því að ríkisvaldið standi við gefin loforð um framlög til fráveituframkvæmda. Einnig er bent á að ganga þarf á eftir svörum um framlög frá Orkusjóði til hitaveituframkvæmda á Búlandsnesi.

## 3 Gjaldskrár – staðfesting

Stjórn samþykkir framlagða gjaldskrá vatnsveitu vegna ársins 2021 og undirritar.

Stjórn samþykkir framlagða gjaldskrá fráveitu vegna ársins 2021 og undirritar.

Stjórn samþykkir framlagða gjaldskrá hitaveitu vegna ársins 2021 og undirritar.

## 4 Austurljós – samningur til staðfestingar

JB vék af fundi við umræður þessa liðar.

Framkvæmdastjóri leggur fyrir lokadrög að uppfærðum samningi við Austurljós um afnot af rörakerfi ljósleiðara í þéttbýli á Egilsstöðum og Fellabæ, sem HEF hefur lagt samhliða endurnýjun hitaveitulagna. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu í framhaldi af umræðu undir liðnum.

## 5 Ljósleiðaraverkefni – kostnaðargreining

Ráðgjafar HEF hafa undanfarið unnið ítrun áætlunar fyrir ljósleiðaraverkefni í dreifbýli Fljótsdalshéraðs. Málinu frestað.

## 6 „Mínar síður“ HEF

Uppsetningarvinna er í gangi. Reiknað er með að Mínar síður HEF verði aðgengilegar viðskiptavinum í næstu viku.

## 7 Smiðjusel - lagerhúsnæði

Framkvæmdastjóra falið að fá verðmat á eignina.

## 8 Yfirlit verkefna

### a. Selás – verklok / uppgjör

Verkinu er lokið. Uppgjör verður gert á næstu dögum.

### b. Hafrafell

Unnið er að tengingu ljósleiðara

### c. Fráveita Djúpavogi

Skipulagsvinna er í gangi

**d. Götulagnir á Seyðisfirði**

Umtalsverðar nýframkvæmdir hafa verið í gangi á Seyðisfirði

**e. Undirbúningur verkefna 2021**

Framkvæmdastjóri óskar heimildar stjórnar til að hefja undirbúning að verkefnum komandi árs, greiningarvinnu, gerð útboðsgagna o.fl. á grundvelli áætlana 2021. Stjórn samþykkir.

**f. Endurnýjun bókhaldskerfis**

Útlit er fyrir að ekki verði hjá því komist að skipta/endurnýja bókhaldskerfi félagsins, sem hefur verið í notkun um árabíl, en nú er ljóst að eigandi og þróunaraðili kerfisins hefur dregið verulega úr viðhaldi kerfisins og mun það úreldast á næstu misserum.

Framkvæmdastjóri hefur þegar hafið skoðun á valkostum í stöðunni. Nokkuð borðleggjandi að viðtakandi kerfi þarf að geta tengst mælaálestrar- og sölukerfi veitunnar, „Orku“, sem útlit er fyrir að muni verða þróað áfram, enda nota stórir aðilar, s.s. Orkuveita Reykjavíkur og Norðurorka Orku.

Framkvæmdastjóra falið að skoða möguleika er varðar nýtt bókhaldskerfi.

**9 Önnur mál**

**a. Nafn á HEF**

Rætt um möguleika er varða nýtt nafn á HEF nú þegar HEF starfar á stærra svæði í nýju sveitarfélagi. Umræðu frestað og verður tekin upp í undirbúningi aðalfundar og tillaga lögð þá fram.

**b. Skjalageymsla**

Rætt um skjalageymslur HEF og kynnti AP nýtt skjalaflokkunarkerfi.

**c. Starfsmannamál**

Rætt um aukin umsvif HEF og hvernig stjórn sér fyrir sér að sinna nýjum verkefnum í hverfum sveitarfélagsins.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerð yfirfarin og fundi slitið kl. 19:30.

Fundargerð ritaði Jónína Brynjólfsdóttir.

Fundargerð staðfest, \_\_\_\_\_ 2020

|       |       |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |